

Fundargerð 39. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, mánudaginn 18. desember kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Sigrún Árnadóttir, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Bjarni Theódór Bjarnason.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Undir lið 1 sat Róbert Ragnarsson, ráðgjafi.

Undir lið 2 sat Kristinn Hjálmarsson, ráðgjafi.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Veidigjöld til sveitarfélaga - 1701002SU

Á fundinn mætti Róbert Ragnarsson, ráðgjafi og rifjaði upp forsendur útreikninga og kynnti því næst tillögu að reiknilíkani eins og það lítur út nú að teknu tilliti til framkominna athugasemda. Ein af breytum líkansins byggir á sérvinnslu hjá hagstofu (fólk í sjávarútvegi). Tillögunni var dreift til fundarmanna í tölvupósti á meðan á fundi stóð sem trúnaðarmál til kynningar.

Tillagan verður tekin til nánari umræðu á næsta stjórnarfundi.

2. Stefnumörkun í fiskeldi - 1712002SU

Á fundinn mætti Kristinn Hjálmarsson, ráðgjafi og lagði fyrir stjórn drög að stefnumótunarvinnu, sem gerir ráð fyrir eins dags vinnufundi. Kostnaður er áætlaður 750 þ.kr. með vsk.

Samþykkti stjórn að ganga til samninga við Kristinn og fól Helgu Guðrúnu að undirbúa vinnufund upp úr miðjum janúar, í byrjun eða lok vikunnar. Tillaga verður send á stjórn fyrir vikulokin.

3. Eftirlit með brottkasti og endurvigtun afla - 1712001SU

Formaður rifjaði upp umræðu sem umfjöllun í Kveik, fréttaskýringaþætti á RÚV, sem hratt nýlega af stað umfangsmikla umræðu í þjóðfélaginu um brottkast og endurvigtun afla.

Stjórn samtakanna lýsir sig tilbúna til samráðs vegna endurskoðunar laga sem lúta að endurvigtun afla sem stendur fyrir dyrum á vorþingi og leggur áherslu á að um mikilvægt hagsmunamál fyrir aðildarsveitarfélögin er að ræða með hliðsjón af þeim aflagjöldum sem augljóslega fara forgörðum miðað við núverandi fyrirkomulag.

Fundi var slitið kl. 14:30

Gauti Jóhannesson

Sigrún Árnadóttir

Steinunn María Sveinsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Bjarni Theódór Bjarnason